

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett vegna gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 frá 12. desember 2008, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga.

2. gr.

Ákvæði 35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 eins og hún var innleidd með reglugerð nr. 243/2006 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006, sem er fylgiskjal I með reglugerð nr. 169/2007 um breytingu á reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Texti 35. gr. eins og hann átti að hljóða eftir þá breytingu er birtur í fylgiskjali I með reglugerð þessari (en fyrir mistök var öll 35. gr. felld úr gildi með 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 169/2007).

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum, merkt fylgiskjal II með reglugerð þessari.

Reglugerð þessi felur í sér breytingar á 35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 eins og hún var innleidd með reglugerð nr. 243/2006. Í fylgiskjali III með reglugerð þessari er 35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 birt í heild sinni eins og greinin hljóðar nú eftir breytingar samkvæmt fylgiskjali II.

3. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1289/2008 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 54. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 2. mars 2010.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.

Fylgiskjal I.**35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 með breytingum sem gerðar voru með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1787/2006 hljóðar svo:***Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

1. Sú skylda útgefanda í Bandalaginu að endurgera (restate) sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2004 eða, ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

2. Ef innlend bráðabirgðaákvæði, sem eru samþykkt skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, taka til útgefanda í Bandalaginu gildir skyldan um að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2006 eða ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

3. Sú skylda að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki fyrr en 1. janúar 2007 um útgefendur frá þriðju löndum:

- 1) Sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. janúar 2007 og
- 2) sem hafa lagt fram og samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla í þriðja landi.

Í þessu tilviki skulu ítarlegar og/eða frekari upplýsingar fylgja sögulegum fjárhagsupplýsingum ef reikningsskilin, sem lýsingin hefur að geyma, gefa ekki glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi.

4. Útgefendur í þriðja landi sem hafa samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, er heimilt að nota þessar upplýsingar í öllum lýsingum fyrir 1. janúar 2007 án þess að gerð sé krafa um endurgerð.

5. Með fyrirvara um mgr. 5A skulu útgefendur í þriðju löndum, sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr., frá 1. janúar 2007 setja fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla þriðja ríkis sem eru jafngildir alþjóðlegu stöðlunum. Séu slíkar sögulegar upplýsingar ekki í samræmi við neina slíka staðla ber að setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

5A. Útgefendum í þriðju löndum er ekki skylt, skv. 1. mgr. 20. gr. í viðauka I, 1. mgr. 13. gr. í viðauka IV, 2. mgr. 8. gr. í viðauka VII, 1. mgr. 20. gr. í viðauka X, eða 1. mgr. 11. gr. í viðauka XI, að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar, eða skv. 2. mgr. a 8. gr. í viðauka VII, 1. mgr. 11. gr. í viðauka IX, eða 1. mgr. a 20. gr. í viðauka X, að gefa lýsingu á muninum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem samþykktir hafa verið skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og þeim reikningsskilavenjum sem upplýsingarnar byggja á, í lýsingu sem lögð er inn hjá þar til bæru yfirvaldi fyrir 1. janúar 2009, enda sé eitt af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

- (a) í skýringum við reikningsskilin, sem eru hluti af hinum sögulegu fjárhagsupplýsingum, sé tekið fram berum orðum og án fyrirvara að þau séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. IAS staðli 1, um framsetningu reikningsskila;
- (b) hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar séu teknar saman í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kanada, Japan eða Bandaríkjunum;
- (c) hinar sögulegu fjárhagsupplýsingar séu teknar saman í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi öðru en Kanada, Japan eða Bandaríkjunum og eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - (i) stjórnvaldið í viðkomandi þriðja landi, sem ber ábyrgð á viðkomandi innlendu reikningsskilastöðlum, hafi skuldbundið sig opinberlega, fyrir upphaf fjárhagsársins þegar lýsingin er lögð inn, að samræma staðlana við alþjóðlega reikningsskilastaðla;
 - (ii) að stjórnvaldið hafi sett fram vinnuáætlun sem ber vitni um þann ásetning að vinna að samræmingu fyrir 31. desember 2008; og
 - (iii) að útgefandi leggi fram gögn sem nægja til þess að fullvissa þar til bært stjórnvald um að skilyrðum i. og ii. liðar sé fullnægt.

5B. Fyrir 1. apríl 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið fyrstu skýrslu sína um vinnuáætlun þar til bærra stjórnvalda sem fjalla um reikningsskilastaðla í Bandaríkjunum, Japan og Kanada varðandi samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í þessum löndum.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast grannt með og upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið reglulega um þann árangur sem náðst hefur í samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í Kanada, Japan og Bandaríkjunum og um árangur sem náðst hefur í þá átt að fella niður kröfur um afstemmingu sem gilda í þessum löndum um útgefendur í Evrópusambandinu. Einkum og sér í lagi skal hún upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið þegar í stað ef framvinda ferlisins er ekki fullnægjandi.

5C. Framkvæmdastjórnin skal einnig upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið reglulega um þróun viðræðna milli stjórnvalda og um þann árangur sem náðst hefur við samræmingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og góðra reikningsskilavenja í þriðju löndum sem fjallað er um í c-lið 5. gr. (A), svo og um framvinduna í átt til niðurfellingar krafna um afstemmingu. Einkum og sér í lagi skal framkvæmdastjórnin upplýsa evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið þegar í stað ef framvinda ferlisins er ekki fullnægjandi.

5D. Til viðbótar við skyldur sínar skv. 5. mgr. (B) og (C), skal framkvæmdastjórnin taka upp og halda uppi reglulegum viðræðum við stjórnvöld í þriðju löndum og fyrir 1. apríl 2008, hið síðasta, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir evrópsku verðbréfanefndina og Evrópuþingið skýrslu um framvindu samræmingarinnar og árangur sem náðst hefur í átt til þess að fella niður allar kröfur um afstemmingu sem gilda um útgefendur í Evrópusambandinu samkvæmt reglum þriðja ríkis sem

fellur undir b- eða c-lið 5. gr. (A). Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela öðrum aðila að taka saman skýrsluna.

5E. Í síðasta lagi sex mánuðum fyrir 1. janúar 2009 skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að fram fari mat á jafngildi góðra reikningsskilavenja í þriðju löndum samkvæmt skilgreiningu á jafngildi og matsfyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin kemur á fyrir 1. janúar 2008 samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Við framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin fyrst ráðfæra sig við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) um viðeigandi skilgreiningu á jafngildi, jafngildisfyrirkomulaginu og það jafngildismat sem gert er.

6. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um 3. lið í VI. viðauka.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1289/2008
frá 12. desember 2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB
að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 7. gr.,***og að teknu tilliti til eftirfarandi:***

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla⁽²⁾ er þess krafist af félögum sem lúta lögum aðildarríkis, ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegan markað í öllum aðildarríkjum, að þau semji samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana, nú almennt nefndir International Financial Reporting Standards (IFRS), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 (hér á eftir nefndir „innleiddir IFRS-staðlar“) fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga⁽³⁾ er þess krafist að útgefendur í þriðja landi geri eldri fjárhagsupplýsingar í lýsingum vegna almenns útboðs verðbréfa eða skráningar verðbréfa á skipulegan markað, í samræmi við innleidda IFRS-staðla eða í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla í þriðja landi sem eru jafngildir þeim stöðlum.
- 3) Í því skyni að meta hvort góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í þriðja landi séu jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum er, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla, sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB⁽⁴⁾, kveðið á um skilgreiningu á jafngildi og komið á fót aðferð til að ákvarða jafngildi góðra reikningsskilavenja í þriðja landi. Í reglugerð (EB) nr. 1569/2007 er einnig gerð krafa um að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar heimili útgefendum í Bandalaginu að nota IFRS-staðla, sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, í hlutaðeigandi þriðja landi.
- 4) Reikningsskil, sem gerð eru í samræmi við IFRS-staðla sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út, veita notendum reikningsskilanna fullnægjandi upplýsingar til að þeir geti lagt upplýst mat á eignir og skuldir útgefanda, fjárhagsstöðu hans, hagnað og tap og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

framtíðarhorfur. Því er rétt að heimila útgefendum í þriðja landi að nota IFRS-staðla, sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út, innan Bandalagsins.

- 5) Í desember 2007 hafði framkvæmdastjórnin samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) um tæknilegt mat á jafngildi góðra reikningsskilavenja (GAAP) í Bandaríkjunum, Kína og Japan. Í mars 2008 jók framkvæmdastjórnin þetta samráð þannig að það tæki til góðra reikningsskilavenja í Suður-Kóreu, Kanada og Indlandi.
- 6) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila mælti með því, í ráðleggingum sínum frá mars, maí og október 2008, að góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjunum og Japan yrðu viðurkenndar sem jafngildar IFRS-stöðlum til nota innan Bandalagsins. Enn fremur mælti nefndin með því að reikningsskil, sem gerð eru í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kína, Kanada, Suður-Kóreu og á Indlandi, yrðu samþykkt innan Bandalagsins tímabundið, þó eigi lengur en til 31. desember 2011.
- 7) Reikningsskilaráð Bandaríkjanna og Alþjóðareikningsskilaráðið undirrituðu á árinu 2006 viljayfirlýsingu þar sem þau áréttuðu það markmið sitt að tryggja samleitni góðra reikningsskilavenja í Bandaríkjunum og IFRS-staðla og lögðu drög að vinnuáætlun í því skyni. Með vinnuáætlun þessari var unnt að eyða margvíslegum og miklum mun sem var á góðum reikningsskilavenjum í Bandaríkjunum og IFRS-stöðlum. Í kjölfar viðræðna framkvæmdastjórnarinnar og verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna er að auki ekki lengur gerð krafa um afstemmingar af hálfu útgefenda í Bandalaginu sem gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS-staðla sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út. Því er rétt að líta svo á að góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjunum teljist jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá 1. janúar 2009.
- 8) Reikningsskilaráð Japans og Alþjóðareikningsskilaráðið tilkynntu í ágúst 2007 um samkomulag sín á milli um að hraða samleitnivinnunni með því að eyða helsta muninum sem er á góðum reikningsskilavenjum í Japan og IFRS-stöðlum eigi síðar en 2008 og öðrum mun fyrir árslok 2011. Japönsk yfirvöld gera ekki kröfu um afstemmingu af hálfu útgefenda í Bandalaginu sem gera reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum. Því er rétt að líta svo á að góðar reikningsskilavenjur í Japan teljist jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá 1. janúar 2009.
- 9) Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1569/2007 má heimila útgefendum í þriðja landi, á aðlögunartímabili sem lýkur eigi síðar en 31. desember 2011, að nota góðar reikningsskilavenjur annars þriðja lands, sem ráðist hefur í vinnu við samleitni við IFRS-staðla eða hefur skuldbundið sig til að innleiða þá eða sem hefur komist að samkomulagi við Bandalagið um gagnkvæma viðurkenningu, fyrir 31. desember 2008.
- 10) Reikningsskilastaðlar fyrir fyrirtæki í Kína hafa að verulegu leyti verið samræmdir IFRS-stöðlum og taka til nær allra efnisatriða núgildandi IFRS-staðla. Þar eð reikningsskila-stöðlunum fyrir fyrirtæki hefur hins vegar aðeins verið beitt frá 2007 þarf að færa frekari sönnur fyrir því að þeim sé rétt beitt.
- 11) Reikningsskilaráð Kanada skuldbatt sig opinberlega í janúar 2006 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hefur gert árangursríkar ráðstafanir til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla eigi síðar en þann dag.
- 12) Fjármálaeftirlit Suður-Kóreu og Reikningsskilastofnun Suður-Kóreu skuldbundu sig opinberlega í mars 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hafa gert árangursríkar ráðstafanir til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla eigi síðar en þann dag.

- 13) Indversk stjórnvöld og samtök löggiltra endurskoðenda á Indlandi skuldbundu sig opinberlega í júlí 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hafa gert árangursríkar ráðstafanir til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla eigi síðar en þann dag.
- 14) Þótt ekki skuli taka endanlega ákvörðun um jafngildi reikningsskilastaðla, sem verið er að samræma IFRS-stöðlum, fyrr en lagt hefur verið mat á það hvernig félög og endurskoðendur beita þessum reikningsskilastöðlum er mikilvægt að styðja viðleitni þeirra landa sem hafa skuldbundið sig til að samræma reikningsskilastaðla sína IFRS-stöðlum sem og þeirra landa er hafa skuldbundið sig til að innleiða IFRS-staðla. Til samræmis við það er rétt að heimila útgefendum í þriðja landi að gera árleg reikningsskil sín og hálfársreikningsskil innan Bandalagsins í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kína, Kanada, Suður-Kóreu eða Indlandi á aðlögunartímabili sem er ekki lengra en þrjú ár. Þar af leiðandi ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það til að hún endurspegli breytingar á notkun útgefenda í þriðja landi á góðum reikningsskilavenjum í Bandaríkjunum, Japan, Kína, Kanada, Suður-Kóreu og á Indlandi við gerð eldri fjárhagsupplýsinga og til að fella brott nokkur úrelt ákvæði hennar.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal, með tækniástoð samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, halda áfram að fylgjast með þróun þessara góðu reikningsskilavenja þriðja lands með tilliti til innleiddra IFRS-staðla.
- 16) Hvetja skal lönd til að innleiða IFRS-staðla. Evrópusambandið getur ákvarðað að ekki sé lengur heimilt að nota innlenda staðla, sem hafa verið skilgreindir sem jafngildir, við samantekt á upplýsingum sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB eða reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar 2003/71/EB ef hlutaðeigandi lönd hafa innleitt IFRS-staðla sem einu reikningsskilastaðla sína.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004:

1. í stað 5. mgr. og 5. mgr. a komi eftirfarandi:

„5. Útgefendur í þriðja landi skulu, frá 1. janúar 2009, leggja fram eldri fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við einhverja af eftirfarandi reikningsskilastöðlum:

- a) alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,
- b) alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla), að því tilskildu að í skýringum með endurskoðuðum reikningsskilum, sem mynda hluta eldri fjárhagsupplýsinga, sé ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing um að í þessum reikningsskilum sé farið að IFRS-stöðlum í samræmi við IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*,
- c) góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í Japan,
- d) góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

5a. Útgefendur í þriðja landi falla ekki undir þá kvöð í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka eða lið 11.1 í XI. viðauka að endurgera eldri fjárhagsupplýsingar sem eru í lýsingu og varða fyrri fjárhagsár en þau sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar eða undir þá kvöð í lið 8.2a í VII. viðauka, lið 11.1 í IX. viðauka eða lið 20.1a í X. viðauka að leggja fram lýsingu á þeim mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum, sem notaðar eru þegar slíkar upplýsingar eru teknar saman vegna fyrri fjárhagsára en þeirra sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar, að því tilskildu að eldri fjárhagsupplýsingar séu gerðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Alþýðulýðveldinu Kína, Kanada, Lýðveldinu Suður-Kóreu eða Lýðveldinu Indlandi.“

2. Málsgreinar 5b–5e eru felldar brott.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, með tækniaðstoð samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, halda áfram að fylgjast með viðleitni þriðju landa til að skipta yfir í IFRS-staðla og eiga virk skoðanaskipti við yfirvöld meðan á samleitniferlinu stendur. Framkvæmdastjórnin skal, á árinu 2009, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og evrópsku verðbréfanefndina (ESC) um framvindu þessa. Framkvæmdastjórnin skal jafnframt leggja, án tafar, skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið ef þær aðstæður koma upp í framtíðinni að útgefendum í Evrópusambandinu verður gert að samræma reikningsskil sín innlendum, góðum reikningsskilavenjum í viðkomandi erlendri lögsögu.

3. gr.

Dagsetningar þær sem þriðju lönd hafa opinberlega tilkynnt um í tengslum við skipti yfir í IFRS-staðla, skulu vera viðmiðunardagsetningar fyrir afnám jafngildisviðurkenningar að því er varðar þessi þriðju lönd.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.**35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004
með síðari breytingum hljóðar svo:***Sögulegar fjárhagsupplýsingar*

1. Sú skylda útgefenda í Bandalaginu að endurgera (restate) sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2004 eða, ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

2. Ef innlend bráðabirgðaákvæði, sem eru samþykkt skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, taka til útgefanda í Bandalaginu gildir skyldan um að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar ekki um neitt tímabil fyrir 1. janúar 2006 eða ef útgefandi hefur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. júlí 2005, þar til hann birtir fyrstu samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

3. Sú skylda að endurgera sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem sett er fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka, gildir ekki fyrr en 1. janúar 2007 um útgefendur frá þriðju löndum:

- 1) Sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði 1. janúar 2007 og
- 2) sem hafa lagt fram og samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við innlenda reikningsskilastaðla í þriðja landi.

Í þessu tilviki skulu ítarlegar og/eða frekari upplýsingar fylgja sögulegum fjárhagsupplýsingum ef reikningsskilin, sem lýsingin hefur að geyma, gefa ekki glögga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi.

4. Útgefendur í þriðja landi sem hafa samið sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, er heimilt að nota þessar upplýsingar í öllum lýsingum fyrir 1. janúar 2007 án þess að gerð sé krafa um endurgerð.

5. Útgefendur í þriðja landi skulu, frá 1. janúar 2009, leggja fram eldri fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við einhverja af eftirfarandi reikningsskilastöðlum:

- a) alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,
- b) alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla), að því tilskildu að í skýringum með endurskoðuðum reikningsskilum, sem mynda hluta eldri fjárhagsupplýsinga, sé ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing um að í þessum reikningsskilum sé farið að IFRS-stöðlum í samræmi við IAS-staðal 1, framsetning reikningsskila,
- c) góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í Japan,
- d) góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

5a. Útgefendur í þriðja landi falla ekki undir þá kvöð í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka eða lið 11.1 í XI. viðauka að endurgera eldri fjárhagsupplýsingar sem eru í lýsingu og varða fyrri fjárhagsár en þau sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar eða undir þá kvöð í lið 8.2a í VII. viðauka, lið 11.1 í IX. viðauka eða lið 20.1a í X. viðauka að leggja fram lýsingu á þeim mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum, sem notaðar eru þegar slíkar upplýsingar eru teknar saman vegna fyrri fjárhagsára en þeirra sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar, að því tilskildu að eldri fjárhagsupplýsingar séu gerðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Alþýðulýðveldinu Kína, Kanada, Lýðveldinu Suður-Kóreu eða Lýðveldinu Indlandi.

6. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um 3. lið í VI. viðauka.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010